# Æ F I F E R I L S S K Ý R S L A

Ég undirritaður, Sigurgrímur Jónsson, er fæddur að Holti í Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu, hinn 5. júní 1896, sonur Jóns bónda þar og hreppsnefndaroddvita Jónssonar og konu hans Ingibjargar Grímsdóttur ( Hver er maðurinn I, bls. 377 )

Var einn vetur fyrir fermingu í farskóla, en hafði áður notið nokkurrar einkakennslu. Lauk námi við bændaskólann á Hvanneyri vorið 1915.

Var við sjóróðra 6 vetrarvertíðir, 2 vertíðir á áraskipi frá Stokkseyri, 2 vertíðir á áraskipi frá Þorlákshöfn og 2 vertíðir á mótorbát frá Sandgerði og Stokkseyri.

Tók við búi föður míns vorið 1921 og hef búið hér síðan, frá 1955 í félagi með sonum mínum þremur, Jóni, Herði og Vernharði.

Helstu störf utan heimilis eru þessi:
Ver kennari í Stokkseyrarfarskóla 1915 - 1917 og aftur 1921 - 1922. Átti sæti í hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps 1928 - 1958, oddviti 1934 - 1938 og aftur 1946 - 1958. Í stjórn Mjólkurbús Flóamanna frá 1929 og formaður frá 1966. Í stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík frá 1961 og formaður frá 1966. Formaður fasteignamatsnefndar Árnessýslu 1938 - 1942 og á sæti í fasteignamatsnefnd Árnessýslu er hóf störf 1963. Tók þátt í starfi ungmennafélaganna og var formaður Íþróttasambandsins Skarphéðins 1915 - 1916. Sat sem varamaður á Búnaðarþingi tvö eða þrjú skifti ( 1949 og síðar ) og hef átt sæti í fulltrúaráði Stéttarsambands bænda hin síðari ár.

Ritstörf: Nokkrar blaðagreinar, Hef haldið dagbók öðru hvoru, meðal annars á ferðalögum erlendis.

Kvæntur, 25. júní 1921, Unni Jónsdóttur, f. 6. janúar 1895, dóttir Jóns bónda í Víðikeri og Jarlsstöðum í Bárðardal, Þorkelssonar bónda í Víðikeri, Vernharðssonar, og konu hans Jóhönnu Katrínu Sigursturludóttur bónda á Vatnsenda í Ljósavatnshreppi, Erlendssonar. Börn okkar eru 9, sjá Guðni Jónsson: Bergsætt 1966, I. bls. 452.

Sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu hinn 1. janúar 1967.

Holti, 23. mai 1967

Til orðuritara,
Reykjavík

# Ofiferilsskýrsla.

Ég undirritaður Sigurgrímur Jónsson er fæddur að Holti í Stokkseyrarhreppi, Árnessýslu hinn 5. jún. 1896, sonur Jóns kónda þar og hreppsnefndaroddvita Jónssonar og konu hans Ingibjarzar Grímstöttur. (Hver er maðurinn I, bls. 377).

Var einn vetur fyrir ferminga í farskóla, en hafði áður notið nokkurrar enkakúmsla. Hauk ními við bondaskólann á Hvanneyri vorið 1915.

Var við sjóróðra 6 vetrarvertíðir, 2 vertíðir á áraskipi frá Stokkseyri, 2 vertíðir á áraskipi frá Þorlákshöfn og 2 vertíðir á mótórbát frá Sandgerði og Stokkseyri.

Tók við búi föðurmíns vorið 1921 og hef búið hér síðan – frá 1955 í félagsbúi með sonum mínum þremur, Jóni, Herði og Vernharði.

Helstu störf utan heimilis eru þessi:

Var kennari í Stokkseyrarfarskóla 1915–1917 og aftur 1921–1922. Átti sæti í hreppsnefnd Stokkseyrarhrepp. 1928–1958, oddviti 1934–1938 og aftur 1946–1958.

Í stjórn Mjólkurbús Flóamanna frá 1929 og formaður frá 1966. Í stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík frá 1961, og formaður frá 1966.

Formaður fasteignamatsnefndar Árnessýslu 1938–1942 og á sæti í fasteignamatsnefnd Árn. er hóf störf 1963. Tók þátt í starfi ungmennafélagsanna og var formaður Íþróttasambandsins Skarphéðins 1915 og 1916. Sat sem varamaður á Búnaðarþingi tvö eða þrjú skifti (1949 og síðar) og hef átt sæti í fulltrúaráði Stéttarsambands bonda hin síðari ár.